

SAFN2SF05

Búið til: Thu, 05 Oct 2023 09:43:12 GMT

Titill

Safnafræði

Skammstöfun

SAFN2SF05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Safnafræði

Viðfangsefni

Safnafræði

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í þessum áfanga læra nemendur um starfsemi safna og hvaða þýðingu söfn hafa fyrir samfélagið. Nemendur læra grundvallarhugtökin söfnun, varðveisla, rannsóknir og miðlun. Nemendur munu skoða menningarstofnanir, safn, listasafn, og byggðasöfn og kynnast innri starfsemi safna.

Forkröfur

INNF1IF05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- starfsemi safna og menningarstofnana
- hlutverki safna og menningarstofnana í samfélaginu
- tengingu safnafræðinnar við nærsamfélagið
- mikilvægi gagnrýnnar hugsunar í tengslum við sögu, menningararf og varðveislu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun á uppbyggilegan hátt
- nýta þekkingu sína í rannsóknir
- að nýta sér safnkost í nærumhverfi sínu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá rökstudda afstöðu og taka þátt í málefnalegri umræðu um söfn
- meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýnnan hátt
- beita gagnrýninni hugsun og viðurkenndum aðferðum við að koma skoðunum sínum á viðfangsefnum greinarinnar á framfæri

Námsmat

Í áfanganum er leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd